

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 638/2001.

Við samþykktina bætist nýr viðauki, svohljóðandi:

VIÐAUKI V

Um embættisafgreiðslur framkvæmdastjóra Leikskóla Reykjavíkur.

1. gr.

Framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur afgreiðir, án staðfestingar leikskólaráðs, mál sem því berast og talin eru upp í 2. gr., sbr. heimild í 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1988 og 63. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001.

2. gr.

Framkvæmdastjóra Leikskóla Reykjavíkur er heimilt að afgreiða veitingu starfsleyfa til dagmæðra og lögbundið eftirlit með þeirri starfsemi eins og kveðið er á um í reglugerð nr. 198/1992 um daggæslu barna í heimahúsum.

3. gr.

Afgreiðslur framkvæmdastjóra skv. 2. gr. skulu lagðar fram á næsta reglulegum fundi leikskólaráðs.

4. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu framkvæmdastjóra Leikskóla Reykjavíkur er honum heimilt að skjóta máli sínu til leikskólaráðs.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. 10. gr. og 3. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 30. desember 2002.

F. h. r.

Garðar Jónsson.

Guðjón Bragason.